

## **Fundur Hrossaræktarfélags Hrunamanna 29.09.2017**

Fundurinn er haldinn heima hjá Guðríði. Fundur er boðaður kl 20:30, Steini og Guðríður eru mætt, Siggi boðar forföll á síðustu stundu.

Mál til umræðu: Stóðhestar fyrir sumarið 2017, folaldasýning, vísindaferð og Reglur félagsins

### Reglur:

Reglur frá 2006, ekkert er talað um reglur varðandi verðlaunaafhendingu kynbótahrossa. Reglur varðandi verðlaun og verðlaunaafhendingar ættu að vera inni í aðalreglum félagsins, á næsta aðalfundi væri sniðugt að bera það fram til breytingar. Reglunum þarf svo að koma á netið þar sem þær eru öllum aðgengilegar.

Það þarf að fara yfir félagatal og uppfæra það á heimasíðu félagsins í samræmi við það sem er á skrá hjá gjaldkera.

Það þarf að uppfæra heimasíðu félagsins almennt, fundargerðir bæði frá aðalfundi og almennum stjórnarfundum ættu að fara á heimasíðuna jafn óðum.

Það hjálpar félagsmönnum að fygjast með því sem er að gerast hjá félaginu hverju sinni.

Samkvæmt reglum félagsins á að skipa tvo varamenn í stjórn á hverjum aðalfundi, það var ekki gert síðast og vanntar því varamenn í stjórn. Þetta þarf að muna á næsta aðalfundi

### Folaldasýning:

Annað hvot Sunnudaginn 5 eða 12 november – safna verðlaunum.

Okkur þætti sniðugt að hafa vísindaferð laugardaginn á undan (þ.e 4. eða 11 eftir því hvor helgin verður fyrir valinu)

### Vísindaferð:

Hugmynd að fara á Kvisti og Árbakka, það er stutt síðan að ný reiðhöll var tekin í gagnið á Árbakka, þar er frábær aðstaða sem gaman væri að skoða og Hinni og Hulda hafa öruggelga einhverja flotta hesta til að sýna okkur líka ☺ Ef við viljum lengja daginn væri t.d hægt að byrja annaðhvort á Feti eða Rauðalæk. Þarna erum við með margt að skoða en þurfum ekki að eiða of miklum tíma í að keyra á milli staða. Það væri svo frábært að enda daginn á farmers bistro hjá Gogga í mat, eflaust margir sem eiga eftir að prufa það.

### Stóðhestar 2018:

Þar sem það er landsmótsár árið 2018, væri sniðugast að hafa bara einn vinsælan hest í hólfinu, í stað tveggja. Girðingin hefur ekki verið næginlega vel nýtt síðustu 2 ár allavega og þar sem þetta eru miklar tekjur fyrir félagið er nauðsinlegt að reyna að bæta úr því.

Það er erfitt að fá góðan hest í girðinguna fyrir landsmót, og síðustu 2 ár hefur fyrra gangmál í girðingunni verið helst til of stutt (5- 6 vikur er eginlega algjört lágmark). Þess vegna er sniðgara að fá 1 góðan hest í girðinguna strax eftir landsmót, sem svo væri bara hægt sóna frá og bæta inná jafn óðum eftir því sem líður á hasutið. Landsmót endar snemma árið 2018 (01.07) og gæti því hestur

sem er á landsmóti verið komi í girðinguna strax í fyrstu viku júlímánaðar.

Stóðhestar sem við teljum álitlega fyrir árið 2018.

1. Skýr frá Skálakoti
2. Forkur frá Breiðabólstað
3. Trymbill frá Stóra Ási
4. Álfarinn frá Syðri-Gegnishólum
5. Draupnir frá Stuðlum
6. Organisti frá Horni
7. Skaginn frá Skipaskaga
8. Hrókur frá Hjarðartúni

Næsti fundur er áætlaður strax næsta miðvikudag (04.10) kl 20:30 til þess að ganga frá dagsetningum fyrir folaldasýningu og vísindaferð, það má ekki dragast til þess að hægt sé að auglýsa fyrir félagsmenn, þannna reiðhöllina og heyra í þeim sem okkur langar að heimsækja, hvort fólk sé laust til þess að taka á móti okkur.